

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI 2013

Hagnaður Arion banka á fyrsta ársfjórðungi 2013 nam 1,4 milljarði króna eftir skatta samanborið við 4,5 milljarða króna á sama tímabili á árinu 2012. Arðsemi eigin fjár var 4,3% samanborið við 16,5% á sama tímabili árið 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 6,3% en var 12,5% á sama tíma árið 2012. Heildareignir námu 907,5 milljörðum króna samanborið við 900,7 milljarða króna í árslok 2012.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 24,1% en í lok árs 2012 var það 24,3%.

Helstu atriði árs hlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 1,4 mö.kr. samanborið við 4,5 ma.kr. á sama tímabili 2012.
- Hagnaður af kjarnastarfsemi nam 2,1 ma.kr. samanborið við 3,6 ma.kr. á sama tímabili 2012.
- Rekstrartekjur lækka milli ára vegna gengismunar og námu 8,8 mö.kr. samanborið við 10,9 ma.kr. á sama tímabili 2012.
- Hreinar vaxtatekjur námu 6,3 mö.kr. og eru nánast óbreyttar frá sama tíma 2012.
- Hrein virðisbreyting á útlánum nemur 0,3 mö.kr. og skýrist af niðurfærslum og töpuðum útlánum sem nema 2,7 mö.kr. og virðisaukningu sem nemur 2,4 mö.kr.
- Arðsemi eigin fjár var 4,3% en var 16,5% á sama tímabili 2012. Arðsemi af kjarnastarfsemi var 6,3% samanborið við 12,5% á sama tíma 2012.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 3,1% á tímabilinu sem er óbreytt frá sama tíma 2012.
- Kostnaðarhlutfall á tímabilinu var 72,6% en var 53,1% á sama tímabili 2012. Hátt hlutfall nú skýrist m.a. af varúðarfærslu vegna sektar samkeppnisyfirvalda á Valitor. Kostnaðarhlutfall af kjarnastarfsemi nam 66,7% samanborið við 51,4% á sama tímabili 2012.
- Útlán til viðskiptavina í lok tímabilsins námu 565,5 mö.kr. og eru nánast óbreytt frá áramótum.
- Heildareignir námu 907,5 mö.kr., samanborið við 900,7 ma.kr. í árslok 2012.
- Eigið fé bankans í lok tímabilsins var 132,3 ma.kr. en nam 130,9 mö.kr. í lok árs 2012.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Uppgjör fyrsta ársfjórðungs er nokkuð undir væntingum. Þrátt fyrir að vaxtatekjur og þóknatekjur séu í meginatriðum í takt við áætlanir hafa breytingar á verðmæti lána og sérstaklega gengisbreytingar veruleg neikvæð áhrif á uppgjörið. Einnig er 500 milljón króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor færð til gjalda á tímabilinu og hefur það ennfremur neikvæð áhrif á arðsemi bankans. Það er þó mikilvægt að áfram er góður stöðugleiki í grunnstarfsemi bankans og undirliggjandi efnahag. Eiginfjárhlutall bankans er rúm 24% sem er vel yfir kröfum FME og sýnir góða stöðu bankans.

Á fyrsta fjórðungi ársins lögðum við áherslu á að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans. Við héldum áfram sértryggðri skuldabréfaútgáfu hér á landi með útgáfu óverðtryggðra skuldabréfa og Arion banki varð fyrstur íslenskra fjármálafyrirtækja frá árinu 2007 til að gefa út skuldabréf í erlendri mynt þegar bankinn gaf út skuldabréf í norskum krónum. Þetta var ekki stór útgáfa en þeim mun mikilvægari. Það skiptir miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf að helstu fjármálafyrirtæki landsins hafi aðgang að erlendum



lánamörkuðum. Þarna var stigið mikilvægt skref í þá átt. Við höfum síðan þá skynjað aukinn áhuga alþjóðlegra lánveitenda á bankanum og þróun mála hér á landi sem er jákvætt.

Upplýsingatækni skipar veigamikinn sess í starfsemi bankans og heildarkostnaði. Nýverið lukum við umfangsmikilli uppfærslu á SAP viðskiptahugbúnaði bankans. Að uppfærslunni, sem tókst í alla staði vel, komu um 40 starfsmenn auk um 20 utanaðkomandi ráðgjafa, innlendra sem erlendra. Við áætluðum að rúmlega sex þúsund vinnustundir hafi farið í verkið á undanförunum mánuðum og að kostnaður muni í heild nema rúmum 230 milljónum króna. Er hluti þess kostnaðar færður til gjalda á ársfjórðungnum. Með uppfærslunni eru SAP viðskiptakerfi bankans betur aðlöguð að starfsemi Arion banka, gagnaöryggi aukið sem og öll skilvirkni kerfanna.“

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	3 mán. '13	3 mán. '12	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	6.288	6.214	74	1%
Hrein breyting á verðmati lána og krafna	-322	-76	-246	324%
Samtals hreinar vaxtatekjur og matsbreyting	5.966	6.138	-172	-3%
Hreinar þóknatekjur	2.449	2.336	113	5%
Hreinar fjármunatekjur	570	346	224	65%
Hreinn gengishagnaður/- tap	-1.397	1.083	-2.480	-229%
Aðrar rekstrartekjur	1.176	952	224	24%
Rekstrartekjur	8.764	10.855	-2.091	-19%
Laun og launatengd gjöld	-3.322	-3.045	-277	9%
Annar rekstrarkostnaður	-3.277	-2.757	-520	19%
Hagnaður fyrir skatta	2.165	5.053	-2.888	-57%
Tekjuskattur	-586	-1.061	475	-45%
Bankaskattur	-91	-268	177	-66%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	1.488	3.724	-2.236	-60%
Hreinar tekjur/-gjöld af aflagðri starfsemi	-79	727	-806	-
Hagnaður tímabilsins	1.409	4.451	-3.042	-68%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 8.764 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2013 og eru 2.091 milljónum króna lægri en á sama tíma árið 2012. Lækkunin er fyrst og fremst til komin vegna gengismunar sem er neikvæður á tímabilinu um 1,4 ma.kr. samanborið við 1,1 ma.kr. jákvæðan mun á sama tíma 2012.

Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 6.288 milljónum króna, samanborið við 6.214 milljónir króna á sama tíma 2012. Breytingin milli ára nemur 1,2% og endurspeglar stöðugleika lánasafnsins á tímabilinu. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,1% bæði tímabilin.

Hrein breyting á verðmati lána og krafna fólst í gjaldfærslu upp á 322 milljónir króna á tímabilinu samanborið við 76 milljóna króna gjaldfærslu á sama tímabili 2012. Enn ríkir nokkur óvissa um mat á hluta útlána samstæðunnar og námu niðurfærslur á tímabilinu 2,7 milljörðum króna. Þær eru m.a. tilkomnar vegna lána sem dæmd hafa verið með ólöglega tengingu við gjaldmiðla. Á móti eru jákvæðar virðisbreytingar á útlánum sem nema 2,4 milljörðum króna. Þar sem fyrirsjáanlegt er að endurheimtur útlána stærrí fyrirtækja verða betri en áður var áætlað.

Hreinar þóknatekjur hækka um 5% og námu 2.449 milljónum króna samanborið við 2.336 milljónir króna á sama tíma 2012. Helsti drifkraftur aukinna þóknatekna er eignastýring bankans en töluverð aukning hefur orðið á eignum í stýringu.

Hreinar fjármunatekjur námu 570 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 346 milljónir króna á sama tíma 2012. Verðbréfasafn bankans nam í lok tímabilsins 145,5 milljörðum króna og því eru ofangreindar virðisbreytingar hlutfallslega óverulegar.

Hreint gengistap nam 1.397 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 1.083 milljóna króna hagnað á sama tíma 2012. Nettó gjaldeyrisójöfnuður bankans nam 18,8 milljörðum króna. Í lok tímabilsins sem olli því að miklar gengissveiflur höfðu veruleg áhrif á rekstrartekjur. Gjaldeyrisójöfnuðurinn er vel innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur. Það er stefna bankans að vera með góða lausafjárstöðu í gjaldeyri en þróun gengis á ársfjórðungnum gerir það að verkum að sú stefna leiðir til gengistaps.



Aðrar rekstrartekjur námu 1.176 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 952 milljónir króna á sama tíma 2012. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta og Landeyjar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum en þessi félög eru öll dótturfélög bankans. Þá fellur jafnframt þar undir söluhagnaður vegna fjárfestingareigna í eigu fasteignafélaga bankans sem skýrir að mestu hækkunina milli ára.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður á tímabilinu nam 6.599 milljónum króna og hækkaði um 797 milljónir króna frá sama tíma 2012 eða um 13,7%. Meðal rekstrarkostnaðar er 500 milljón króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor, en Valitor hefur áfrýjað ákvörðuninni til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Að frátaldri sektinni hækkar rekstrarkostnaður um 296 milljónum króna eða um 5,1%. Kostnaðarhlutfall hækkar í 72,6% á tímabilinu en var 53,1% á sama tíma 2012. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 3,0% en var 2,6% á fyrsta ársfjórðungi 2012. Kostnaðarhlutfallið er mjög litað af lækkuðum rekstrartekjum vegna gengistaps á tímabilinu og gjaldfærslu fyrrnefndrar sektar á Valitor.

Laun og launategd gjöld námu 3.322 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 3.045 milljónir króna á sama tíma 2012. Stöðugildi á tímabilinu voru að meðaltali 1.187 samanborið við 1.157 á sama tíma 2012. Meðallaun hafa hækkað um 5,3% sem er í takt við þróun launavísitölu milli tímabila, þar af eru samningsbundnar hækkunir 3,25%.

Annar rekstrarkostnaður nam 3.277 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 2.757 milljónir króna á sama tíma 2012. Hækkunin nemur 520 milljónum króna og skýrist nánast öll af gjaldfærðri sekt Samkeppniseftirlitsins á Valitor. Að öðru leyti er annar rekstrarkostnaður nánast óbreyttur frá fyrra ári.

Skattar

Tekjuskattur nam 586 milljónum króna samanborið við 1.061 milljón króna á sama tíma 2012. Virkt tekjuskattshlutfall hækkar í 27,1% á tímabilinu en var 21,0% á sama tíma 2012. Hækkunin er aðallega tilkomin vegna tilfærslna á gengismuni milli ára í samræmi við ákvæði skattalaga.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki nam 91 milljón króna samanborið við 268 milljónir króna á sama tíma 2012. Lækkunin skýrist af lægra skatthlutfalli á árinu 2013 en gildi fyrir tvö undangengin ár.

Aflögð starfsemi

Hrein gjöld af aflagðri starfsemi námu 79 milljónum króna samanborið við 727 milljónir króna í hreinar tekjur á sama tíma 2012. Á fyrsta fjórðungi ársins 2012 varð söluhagnaður af sölu á stórum hluta af eignarhlut í Högum. Sala eigna á fyrstu mánuðum þessa árs hafði óveruleg áhrif og tap varð af annarri aflagðri starfsemi og rekstri fullnustueigna í eigu bankans.




Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir					
Í milljónum króna	31.03.2013	31.12.2012	Breyt.%	31.03.2012	Breyt.%
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	28.099	29.746	-6%	18.030	56%
Lán og kröfur til lánastofnana	103.444	101.011	2%	65.955	57%
Lán og kröfur til viðskiptavina	565.526	566.610	0%	584.154	-3%
Verðbréfaeign	145.533	137.800	6%	161.004	-10%
Fjárfestingareignir	28.112	28.919	-3%	25.867	9%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	10.877	11.923	-9%	21.852	-50%
Aðrar eignir	25.874	24.666	5%	22.510	15%
Eignir samtals	907.465	900.675	1%	899.372	1%

Heildareignir Arion banka námu 907.465 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 900.675 milljónir króna í árslok 2012. Breytingar á tímabilinu eru óverulegar en þær má einkum rekja til breytinga í lausafjárstýringu. Fjárhagslegur styrkur bankans er lítið breyttur frá árslokum 2012 og nemur lausafjárhlutfall hans 35,3% og reiðufjárhlutfall 27,4% samanborið við 32,9% og 30,8% í lok árs 2012. Lögbundin lágmark fyrir þessi hlutföll eru 20% og 5%.

Lán og kröfur til viðskiptavina

Lán og kröfur til viðskiptavina námu 565.526 milljónum króna í lok mars samanborið við 566.610 milljónir króna í lok árs 2012. Á myndinni hér til hliðar sést skipting á lánabókinni milli verðtryggðra, óverðtryggðra og erlendra lána. Hlutur lána í erlendri mynt hefur minnkað mikið með endurskipulagningu á skuldamálum fyrirtækja og einstaklinga sem og endurútreikningi lána til einstaklinga og minni fyrirtækja í tengslum við dómsmál síðustu misseri. Hlutdeild verðtryggðra útlána hefur aukist umtalsvert, einkum með tilkomu íbúðalána sem bankinn keypti af Kaupþingi í árslok 2011.



Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 145.533 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 137.800 milljónir króna í lok árs 2012.

Verðbréfaeign					
Í milljörðum króna	31.03.2013	31.12.2012	Breyt.%	31.03.2012	Breyt.%
Skuldabréf	125.526	117.730	7%	142.493	-12%
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	16.975	16.844	1%	15.096	12%
Afleiðusamningar	1.179	788	50%	1.313	-10%
Verðbréf til áhættuvarna	1.853	2.438	-24%	2.102	-12%
Verðbréf samtals	145.533	137.800	6%	161.004	-10%

Arion banki nýtir lausafé sitt m.a. til kaupa á auðseljanlegum skuldabréfum og sveiflur í skuldabréfaeign milli ára skýrast einkum af því.



Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi* námu 10.877 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 11.923 milljónir króna í lok árs 2012. Lækkunin er einkum til komin vegna sölu á Fram foods Íslandi hf. Gert er ráð fyrir að sölu meirihluta eigna í þessum flokki verði lokið á árinu.

Skuldir og eigið fé

Heildarskuldir námu 775.179 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 769.797 milljónir króna í lok ársins 2012. Ástæðu hækkunarinnar má einkum rekja til skuldabréfaútgáfu, héraendis og erlendis á tímabilinu.

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	31.03.2013	31.12.2012	Breyt.%	31.03.2012	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka	21.617	32.990	-34%	37.032	-42%
Innlán frá viðskiptavinum	462.255	448.683	3%	462.193	0%
Skuldir vegna aflagðrar starfsemi	758	1.769	-57%	4.444	-83%
Fjárskuldir á gangvirði	11.298	13.465	-16%	8.098	40%
Aðrar skuldir	42.805	43.585	-2%	42.438	1%
Lántaka	204.394	195.085	5%	192.109	6%
Víkjandi lántaka	32.052	34.220	-6%	34.047	-6%
Eigið fé	132.286	130.878	1%	119.011	11%
Skuldir og eigið fé samtals	907.465	900.675	1%	899.372	1%

Innlán

Heildarinnlán bankans námu 483.872 milljónum króna samanborið við 481.673 milljónir króna í árslok 2012. Þrátt fyrir hækkun á tímabilinu hafa innlán lækkað á síðustu misserum, en bankinn hefur haldið sínum hlut á innlánamarkaði í flestum flokkum. Áfram má búast við flutningi fjármuna úr innlánum í aðra fjárfestingarkosti eftir því sem tækifæri gefast.

Lántaka

Lántaka bankans nam 204.394 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 195.085 milljónir króna í lok árs 2012. Hækkunin skýrist af því að á tímabilinu gaf bankinn út 1,8 milljarða króna í sértryggðum skuldabréfum, sem eru skráð á NASDAQ OMX Íslandi, og 500 milljónir norskra króna (um 11 milljarða króna) í skuldabréfum sem voru seld erlendum fjárfestum og verða skráð í kauphöllinni í Osló.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 32.052 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 34.220 milljónir króna í árslok 2012. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 132.286 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 130.878 milljónir króna í lok ársins 2012. Breytingin er öll vegna afkomu á tímabilinu. Eiginfjárhlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 24,1% í lok tímabilsins en lögbundið lágmark er 8%.



Kennitölur

	3 mán. '13	2012	3 mán. '12
Arðsemi eigin fjár	4,3%	13,8%	16,5%
Arðsemi eigna	0,6%	1,9%	2,0%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,1%	3,4%	3,1%
Vaxtamunur á heildareignir	2,8%	3,1%	2,8%
Kostnaðarhlutfall	72,6%	49,8%	53,1%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	3,0%	2,8%	2,6%
Virkur tekjuskattur	27,1%	18,0%	21,0%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall FME)	24,1%	24,3%	20,8%
Tier 1 hlutfall	19,2%	19,1%	16,0%
Vandræðalán	10,2%	12,5%	16,5%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	72,5%	73,0%	78,7%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	122,3%	126,3%	126,4%
Lausafjárlutfall	35,3%	32,9%	30,2%
Reiðufjárlutfall	27,4%	30,8%	13,9%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.187	1.166	1.157
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.187	1.190	1.179
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	950	927	918
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	950	949	930

Fjárhagsdagatal 2013

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

2. ársfjórðungur 2013	í viku 35
3. ársfjórðungur 2013	í viku 48
Ársuppgjör 2013	febrúar 2014

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.